

CAVIUS

WIRELESS ALARM FAMILY


SMART REMOTE

Tilvísunarnúmer: 9001-003
Próað af CAVIUS

VINSAMLEGA LESIÐ NOTKUNARLEIÐBEINGAR ÍTARLEGA FYRIR NOTKUN OG GEYMIÐ TIL SEINNI NOTA!

Almenn lýsing:

CAVIUS snjallstýringin er hönnuð til að gefa viðvörðun með hraðblikkandi ljósi og til að fjarstýra CAVIUS Wireless Alarm Family. Vasaljósavirknina má svo nota þegar finna þarf neyðarútgang að nóttu.



Tæknilegar upplýsingar:


Snjallstýringuna er hægt að nota með skynjum frá CAVIUS: reyk-, hita-, vatns-, kolmónoxíð- og víraða skynjara. Hámarksfjöldi nema sem tengja má saman er 32. Lágmarksdrægni er 100 metrar á opnu svæði. RF-tíðni skilyrði eru einnig háð skipulagi og byggingarefnum hússins. Ávallt ætti að prófa skynjara eftir uppsetningu og eftir rafhlöðuskipti.

Þvermál: 27 mm, lengd: 140 mm.
Snjallstýringin er spennufædd með 3 útskiptanlegum DURACELL AAA alkaline rafhlöðum. Vinsamlega athugið að rétt virkni snjallstýringarinnar er tryggð með notkun DURACELL rafhlaða.


Samtenging með RF: 868MHz.
Samræmist stöðlum: RoHS, REACH, R&TTE, EN60065, EN300-220.

Að tengjast þráðlausum skynjum:

1. Opnið rafhlöðuhólf með því að þrýsta á smelluna. Komið rafhlöðum fyrir með tilliti til póla.



2. Færið lærdómshnappinn í „Learn mode“ stöðu. Snjallstýringin fer nú í lærdómsham. Stilla þarf alla skynjara sem á að tengja fjarstýringunni í lærdómsham með því að færa hnappinn á hverjum skynjara í „Learn mode“.




3. Kvikna mun á vasaljósinu til að gefa til kynna að búið sé að velja „Learn mode“.

Vinsamlega athugið: Fjarlægjið ekki rafhlöður á meðan „Learn mode“ er í gangi þar sem það mun trufla ferlið.

4. Þrýstið niður og haldið prófunarhnappnum inni á snjallstýringunni þar til „bipir“ og vasaljósið blikkar. Snjallstýringin verður þá stjórntækið og mun senda sérstaka húskóða á aðra skynjara.

5. Þegar hinir nemarnir móttaka þennan sérstaka húskóða mun LED ljós einnig byrja að blikka á þeim.




6. Þegar rautt LED blikkar á öllum nemum eru þeir tengdir og þá má taka þá úr „Learn Mode“ og setja þá upp.

Uppsetning:

Snjallstýringin er með innbyggðan segul svo hægt er að koma henni fyrir á málmplötu á vegg eða á ísskáp eða öðru málmfirborði.

Meðfylgjandi málmplötu er hægt að setja upp með tvíhliða límbandi eða meðfylgjandi skrúfum.

Lokið á snjallstýringunni er með gati þar sem hægt er að setja snúru svo hægt sé að hengja snjallstýringuna á krók.



Prófun skynjara:

Eftir uppsetningu, og minnst ársfjórðungslega, skal prófa alla skynjara með því að þrýsta á prófunarhnappinn á snjallstýringunni til að tryggja að allir skynjarar virki að fullu og séu innan færiss. Mælt er með því að athuga sjónrænt vikulega hvort LED ljósið á skynjaranum blikki (á 48 sek fresti).

Snjallstýringin getur virkjað RF virkni skynjaranna með því að senda út prófuð þegar þrýst er á prófunarhnappinn á enda stýringarinnar svo heyrst tvö hljóðmerki viðvörðunar 1 (--- --- ---) í um 7 sek.

Snjallstýringin mun blikka/gefa frá sér hljóð á 8 sek. fresti í 120 sek. til að gefa til kynna að hún sé hluti hópsins. Merkið má stöðva með því að þrýsta á endahnappinn.

Vinsamlega athugið: Til að tryggja ákjósanlegustu virkni í eðlilegum aðstæðum mun prófunarvirki senda út minnkað RF merki.

Viðvörðunarhamur:

Þegar einn af tengdum skynjum fer í viðvörðunarham og sendir út RF merki mun vasaljósið á snjallstýringunni byrja blikka mjög hratt (stroboscope). Einnig er innbyggður titrari í snjallstýringunni sem mun fylgja hljóðmynstri hljóðgjafans. Hægt er að breyta stillingu vasaljóssins úr stroboscope blikki í stöðuga lýsingu með því að þrýsta á hliðarhnappinn.

Í CAVIUS Wireless Family eru tvenns konar viðvörðunarmerki:

Viðvörðunarmerki 1 (--- --- ---) varar við lífshættu, t.d. reyk.

Viðvörðunarmerki 2 (- - -) varar við atburð sem er ekki lífshættulegur, t.d. vatnsleka.

Reykvíðvörðun: --- --- ---

Hitavíðvörðun: --- --- ---

Vatnsleki: ---


Kolmónoxíð
lítið magn: ---

Kolmónoxíð
mikið magn: --- --- ---

Stöðvun hljóðgjafa:

Þegar skynjari í þráðlausla hópnum gefur frá sér viðvörðun er hægt að stöðva hljóðgjafann með því að þrýsta á endahnapp snjallstýringarinnar.

Vinsamlega athugið: vegna komandi löggjafar, er þöggunarvirknin send með minnkuðum mætti (stýringin verður að vera í stuttu færi frá skynjaranum sem á að þagga, sem þýðir að sá sem notar snjallstýringuna þarf að vera í sama rými og skynjarinn.



Hægt er að stöðva hljóðgjafa hvaða skynjara sem er í kerfinu, svo lengi sem þú ert í sama rými og í stuttu færi við skynjarann.

Þegar þaggað er í skynjaranum sem boðin berast frá, munu allir aðrir skynjararnir þagna líka.

Ef þú stöðvar hljóðgjafa skynjara, annan en þann sem boðin eiga upptök sín í, munu aðrir skynjara enn gefa frá sér hljóð. Snjallstýringin getur einungis stöðvað hljóðgjafa eftir að hann hefur verið í viðvörðunaraham í 30 sekúndur. Þetta er gefið til kynna með stuttu blikki. Ástæðan fyrir þessu er svo hægt sé að tryggja að búið sé að staðsetja eldsupptök áður en hægt sé að stöðva hljóðgjafa.

Vinsamlega athugið:

Snjallstýringin getur ekki móttakið á meðan hún sendir.

Vasaljós:

Hægt er að virkja vasaljósið með því að þrýsta á hliðarhnappinn. Með því að þrýsta aftur er slökkt á ljósinu.

Vinsamlega athugið: Eftir 5 mín. mun slökkna sjálfkrafa á ljósinu.

Tilkynning um lága rafhlöðustöðu:


Þegar hleðsla rafhlöðu byrjar að lækka heyrst stutt „bíp“ hljóð á 48 sek. fresti næstu 30 daga. Aðeins búnaðurinn sem er með lága hleðslu gefur frá sér hljóð, ekki annar búnaður sem tengdur er við hann. Óhætt er að skipta út rafhlöðu í snjallstýringunni án þess að fara þurfi aftur í lærdómsham – snjallstýringin gleymir ekki kóðunum meðan á rafhlöðuskriptum stendur.

Rafhlöðuskripti:

Hægt er að komast að 3x AAA rafhlöðunum með því að fjarlægja

lokið á endanum.

Komið nýjum rafhlöðum fyrir með tilliti til póla. Prófið ávallt Snjallstýringuna eftir rafhlöðuskripti.



Viðhald og bilanagreining:

Ef snjallstýringin virkar ekki þegar þrýst er á prófunar-/þöggunarhnappinn, er líkleg ástæða biluð rafhlaða sem nauðsynlegt er þá að skipta um. Vinsamlega skoðið bilanagreiningu á www.cavius.com.



CE táknid sem þessi vara fær, staðfestir að farið hafi verið eftir þeim evrópsku tilskipunum sem eiga við vöruna.

Allur réttur áskilinn: CAVIUS Aps tekur enga ábyrgð á villum sem finna mætti í þessari handbók. Ennfremur áskilur CAVIUS Aps sér rétt til að breyta vélbúnaði, hugbúnaði og/eða sérstökum upplýsingum í handbókinni hvenær sem er án fyrirvara, og CAVIUS Aps skuldbindur sig ekki til að uppfæra þær upplýsingar sem hér er að finna. Öll vörumerki sem hér eru upptalin eru í eigu viðkomandi eigenda. Höfundarréttur © CAVIUS Aps.

Þróað af CAVIUS Aps Julsøvej 16, DK-8600 Framleitt í Kína.

WIRELESS
ALARM FAMILY

